

FRÉTTABRÉF TERIS

2.tbl. 3.árg. júní 2010



ÆTLUM AÐ TAKA VIRKAN ÞÁTT Í UPPBYGGINGUNNI

–SIGURBORG GUNNARSDÓTTIR HJÁ TERIS: MIKIL ÁHERSLA VERÐUR LÖGÐ Á VÖRUÞRÓUN Á NÆSTU ÁRUM

Næstu misserin verður mikil áhersla lögð á vöruþróun hjá Teris, því fyrirtækið lagar sig nú að breyttum aðstæðum hjá fjármálageiranum. Meginþunginn í þeirri vinnu mun felast í að þróa og efla helstu upplýsingateknilausnir sem fyrirtækið býður fjármálastofnunum. Þetta verður gert í samstarfi við viðskiptavinum þannig að tryggt sé að þær nýjungar sem Teris þróa nýtist sem best í þeim verkefnum sem fjármálastofnanir standa nú frammi fyrir.

Sigurborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Lausna og ráðgjafar hjá Teris, segir að mikil stefnumótunarvinna hafi verið unnin hjá Teris að undanförmu. Sú vinna hafi ekki síst falist í að meta hvernig fyrirtækið geti verið sem best

undirbúið fyrir þá endursköpun og uppbyggingu fjármálageirans á Íslandi sem nú stendur fyrir dyrum. „Við ætlum okkur að taka þátt í uppbyggingunni með því að leggja áherslu á að þróa og endurbæta þær lausnir sem nýtast fjármálafyrirtækjum best í verkefnum komandi ára. Það sem fyrirtækin kalla mest eftir núna eru lausnir sem nýtast við hagræðingu og aukningu afkasta auk þess sem þau leggja aukna áherslu á að efla sambandið við viðskiptavinum og bæta þjónustu. Þær upplýsingateknilausnir sem Teris býður nú geta skipt lykilmáli við þessi verkefni og með því að efla þróun þeirra munu þær nýtast enn betur við breyttar aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði.“

* Framhald á næstu síðu

EFNISYFIRLIT:

- * ÆTLUM AÐ TAKA VIRKAN ÞÁTT Í UPPBYGGINGUNNI
- * ÞRÓUNARSAMSTARF VIÐ KÓÐA
- * ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF VIÐ BYR OG SPKEF
- * AÐALFUNDUR TERIS 2010
- * INNLEIÐING RAFRÆNNA SKILRÍKJA KOMIN Á SKRÍÐ
- * GULLVOTTUN MICROSOFT ENDURNÝJUÐ

SMÆRRI EININGAR

Sigurborg segir að megináhersla verði lögð á að skipta núverandi lausnum Teris upp í smærri einingar sem síðan má tengja saman eða tengja við aðrar lausnir eftir þörfum hvers viðskiptavinar. „Þannig geta fjármálafyrirtæki ýmist valið ákveðnar einingar sem henta inn í þau kerfi sem þegar eru í notkun hjá þeim eða nýtt sér kosti lausnanna í heild. Sérstök áhersla er lögð á samnýtingu eininga og að hægt sé að raða þeim saman í mismunandi lausnir án þess að endurgera þurfi virkni þeirra. Við munum t.d. þróa nýjar einingar fyrir netbanka sem jafnframt má nýta inn í viðskiptamannakerfi. Í upphafi leggjum við áherslu á einingar sem hafa það að markmiði að auka yfirsýn notenda netbanka á fjármálaupplýsingar sínar en veita um leið starfsmönnum fjármálafyrirtækja betri upplýsingar um þá þjónustu sem viðskiptavinir fá hverju sinni. Smíði eininga sem halda utan um öll samskipti milli viðskiptavina og fyrirtækja er hluti af þessu“, segir Sigurborg. Teris hefur á undanförunum árum náð góðum árangri í gerð verkferla sem auka framlegð starfsmanna og skilvirkni í afgreiðslu viðskiptavina. Sigurborg segir að áfram verði mikið lagt í þróunarvinnu á þessu sviði. „Núna munum við leggja enn meiri áherslu á að auka sjálfvirkni, m.a. með því að endurbæta og einfalda verkferlalausnir Teris. Með því eykst hagkvæmnin sem fæst með

notkun upplýsingakerfanna, þar sem inngrípum starfsfólks í hvert ferli fækkar og verkefni sem starfsfólk þarf að inna af hendi verða einfaldari.“ Að sögn Sigurborgar mun Teris, samhliða þróun þessara eininga, leggja áherslu á að bæta gagnaúrvinnslu og viðskiptagreind, þannig að viðskiptavinir fái betri yfirsýn yfir gögn sín og geti nýtt þau betur við ákvarðanatöku.

SAMVINNA VIÐ VIÐSKIPTAVINI

Sigurborg leggur áherslu á að vörubrúin sem nú stendur fyrir dyrum sé unnin í samvinnu við viðskiptavini. „Við höfum að sjálfsögðu kannað hvað það er sem helst brennur á fjármálafyrirtækjum, bæði þeim sem við vinnum með í dag og öðrum. Við munum jafnframt halda áfram að leita eftir óskum þeirra um það hvers konar upplýsingatæknilausnir geti helst uppfyllt þarfir þeirra í daglegum rekstri“, segir Sigurborg. Hún segir að breytingarnar muni eiga sér stað smám saman og viðskiptavinir verði fljótlega varir við þá þróunarvinnu sem nú á sér stað hjá Teris. „Þetta verður ekki allsherjar bylting á einni nóttu, heldur munum við bæta nýrri virkni við lausnirnar þegar ákveðnir áfangar nást. Þannig helst samfella best í þróuninni og viðskiptavinir geta nýtt sér nýjungar um leið og þær eru tilbúnar til notkunar. Um leið færum við okkur í áföngum yfir í næstu kynslóð Teris-lausna, sem verða sérhannaðar fyrir fjármálakerfi framtíðarinnar á Íslandi.“

MARKAÐSVAKTIN

ÞRÓUNARSAMSTARF VIÐ KÓÐA

Teris og Kóði ehf. hafa gert með sér samning um þróun, rekstur og sölu á lausnunum Markaðsvakt, Genius Excel, Upplýsingaveitu markaðsgagna og Genius Server. Starfsfólk Kóða hefur áralanga reynslu af þróun hugbúnaðarlausna fyrir fjármálamarkaðinn auk þess að hafa m.a. sérhæft sig í hugbúnaðarþróun fyrir INET, viðskiptakerfi NASDAQ-kauphallanna. Markmið samstarfsins er að nýta tækni og þekkingu fyrirtækjanna til að setja aukinn kraft í þróun lausnanna, tryggja rekstraröryggi þeirra og koma enn betur til móts við þarfir notenda. Teris væntir mikils af samstarfinu við Kóða.

ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF VIÐ BYR OG SPKEF

Eins og flestum er kunnugt yfirtók FME rekstur Byrs sparisjóðs og Sparisjóðsins í Keflavík þann 22. apríl sl. Ný fyrirtæki tóku strax við allri starfsemi þeirra eldri, Byr hf. og SpKef sparisjóður. Teris sá um að breyta upplýsingakerfum sínum til að gera þetta mögulegt. Var það tiltölulega einföld aðgerð sem starfsmenn Teris framkvæmdu þegar ákvörðun um yfirtökuna lá fyrir og tókst hún að öllu leyti eins og best verður á kosið.

Byr hf. og SpKef sparisjóður hafa báðir lýst því yfir að þeir hafi yfirtekið þjónustusamninga fyrirrennara sinna við Teris sem þýðir að Teris veitir áfram sömu þjónustu og tryggir að allar upplýsingar séu til staðar fyrir starfsfólk og viðskiptavini. Vafalaust munu í framtíðinni verða einhverjar breytingar á nýstofnuðum fyrirtækjum frá starfsemi fyrirrennara þeirra, þó of snemmt sé að spá um hverjar þær verða.



„VIÐ SJÁUM MIKIL TÆKIFÆRI FYRIR TERIS Í ÞEIRRI HAGRÆÐINGU SEM ÓHJÁKVÆMILEGA ÞARF AÐ EIGA SÉR STAÐ Á ÍSLENSKUM FJÁRMÁLAMARKAÐI.“

AÐALFUNDUR TERIS 2010:

– ÞREKVIRKI UNNIÐ Á SÍÐASTA ÁRI

Aðalfundur Teris var haldinn þann 30. apríl síðastliðinn og var vel mætt á fundinn af fulltrúum eigenda Teris. Nýja stjórn Teris, sem kosin var á fundinum, skipa Jón Finnbogason, formaður stjórnar, Ólafur Elísson varaformaður og stjórnarmenn eru Magnús Steinþór Pálmarsson, Grétar Grétarsson og Ólafur Jónsson. Varamenn nýrrar stjórnar eru Herdís Pála Pálsdóttir og Indriði Óskarsson.

Á aðalfundinum fór Sæmundur Sæmundsson, forstjóri Teris, m.a. yfir rekstrarárið 2009, sem var viðburðaríkt hjá Teris vegna sviptinga á íslenskum fjármálamarkaði. Sæmundur sagði að árið hefði einkennst af aðhaldsaðgerðum í ljósi breyttra aðstæðna, sem tókust eins og vænst hafði verið og niðurstaðan eftir árið var að nokkur hagnaður var af rekstri fyrirtækisins. Sæmundur sagði þetta ekki síst að þakka öflugum starfsfólki sem tók m.a. að sér gríðarlega flókin og umfangsmikil verkefni á borð við að bregðast við yfirtöku FME á rekstri SPRON og Sparisjóðabanka Íslands með litlum fyrirvara og undir mikilli tímapressu.

„Ég tel að starfsmenn Teris hafi unnið þrekvirki á síðasta ári, sérstaklega þegar horft er til þeirrar staðreyndar að Teris hefur náð að lækka nafnverð á þjónustu sinni um 28% á síðustu 18 mánuðum til að bregðast við kröfum viðskiptavina í erfiðu árferði, sem jafngildir um 45% raunlækkun,“ sagði Sæmundur meðal annars. Hann sagði jafnframt að aðgerðaáætlun hefði verið sett af stað hjá Teris til að blása til sóknar. „Við sjáum mikil tækifæri fyrir Teris í þeirri hagræðingu sem óhjákvæmilega þarf að eiga sér stað á íslenskum fjármálamarkaði. Hagræðing í upplýsingatækni er þar einn af lykilþáttunum og þar geta lausnir, uppbygging og hugmyndafræði Teris leikið stórt hlutverk,“ sagði Sæmundur meðal annars.





SIGURBORG GUNNARSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI LAUSNA OG RÁÐGJAFAR HJÁ TERIS, LOGI RAGNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI AUÐKENNIS, OG SVAVA GARÐARSDÓTTIR, VÖRUSTJÓRI HJÁ TERIS, VIÐ UNDIRRITUN SAMNINGA TERIS OG AUÐKENNIS.

INNLEIÐING RAFRÆNNA SKILRÍKJA KOMIN Á SKRIÐ

–TERIS OG AUÐKENNI SEMJA UM REKSTUR ÞJÓNUSTUVERS

Innleiðing rafrænna skilríkja á greiðslukortum er að hefjast fyrir alvöru en nú hafa verið gefin út um 8.000 slík skilríki á landinu. Yfirmumsjón með þessari innleiðingu er hjá Auðkenni sem hefur nú samið við Teris um rekstur þjónustuvers fyrir notendur rafrænna skilríkja. Auðkenni hefur jafnframt samið við Teris um að þróa sérhæfðan hugbúnað sem notaður er við afhendingu rafrænna skilríkja á debetkortum í bönkum og sparisjóðum.

Rekstur þjónustuversins gæti orðið umfangsmikill þegar litið er til lengri tíma, þar sem gert er ráð fyrir að öll debetkort landsmanna verði komin með rafræn skilríki á árinu 2011. Búast má við að hluti notenda þurfi aðstoð af einhverju tagi við að ná tökum á þessari nýju tækni því notkun rafrænna skilríkja á Netinu krefst þess að kortalesari sé innbyggður eða tengdur tölvunni og sérstakur hugbúnaður sé settur upp.

Notkun rafrænna skilríkja á debetkortum hefur ýmsa kosti í för með sér, ekki síst hvað varðar örugg samskipti við fyrirtæki og stofnanir á Netinu. Með þeim fækkar notendanöfnum og lykilorðum, aðgengi að upplýsingum verður auðveldara og hægt verður að skrifa undir skjöl rafrænt á Netinu og afgreiða þannig mál hraðar og öruggar en áður, svo eitthvað sé nefnt.

„Það verður áhugavert að takast á við rekstur þjónustuversins, enda er innleiðing rafrænna skilríkja á Íslandi með umfangsmestu verkefnum í rafrænni þjónustu hér á landi hin síðari ár. Við hjá Teris þekkjum vel til verkefnisins, enda höfum við m.a. boðið bönkum og sparisjóðum upp á þjálfun skráningarfulltrúa fyrir rafræn skilríki og innleiðingu upplýsingatæknilausna fyrir rafræn skilríki í útibúum. Teris er jafnframt vel í stakk búíð til að reka þjónustuver fyrir utanaðkomandi aðila þar sem við höfum rekið slíkt fyrir aðra viðskiptavinum okkar,“ segir Svava Garðarsdóttir, vörustjóri hjá Teris.

„Þetta eru spennandi tímar í innleiðingarferli rafrænna skilríkja þar sem við höfum farið í gegnum ítarlegar prófanir og skilríkin farin að berast í hendur almennings. Jafnframt eru margvíslegar þjónustuveitur nú þegar farnar að nýta sér hagræði rafrænna skilríkja. Á þessu stigi gerum við ráð fyrir að sífellt fleiri ábendingar fari að berast frá notendum þjónustunnar og getum farið að sníða hana betur að þörfum og væntingum þeirra. Til að það takist skiptir miklu að bjóða upp á gott þjónustuver og því væntum við mikils af samstarfinu við Teris,“ segir Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri Auðkennis.

Nánari upplýsingar um rafræn skilríki hjá Teris veitir Svava Garðarsdóttir, svava.gardarsdottir@teris.is.

GULLVOTTUN MICROSOFT ENDURNÝJUÐ



Nýverið fékk Teris endurnýjaða stöðu sína sem viðurkenndur gullvottaður samstarfsaðili Microsoft. Samstarfið við Microsoft er mjög mikilvægt fyrir Teris og ekki síður viðskiptavinum fyrirtækisins þar sem samstarfið tryggir aðgengi Teris að mjög öflugum stuðningsneti. Vottunin nær yfir þrjá þætti; Unified Communications Solutions, Information Workers Solutions og Networking Infrastructure Solutions.